



Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 3. mars klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Sigrún Valdimarsdóttir, Ívar Hauksson, Hákon Leifsson, Sigurður Elmar Birgisson, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir og Einar Gíslason.

1. Kaup á bifreið

Bifreið í eigu félagsins var stolið fyrir utan reiðhöllina í september síðastliðnum. Því miður hafa tilraunir lögreglu til að finna bifreiðina ekki borið árangur og er alls óvíst hvort hún finnist.

Framundan er háanna tími í viðburða og mótahaldi hjá félaginu auk þess sem félagssvæði Fáks er víðfeðmt og félagið rekur íþróttamannvirki og fjórar fasteignir sem þarf að sinna. Eftir stjórnarfund lagði framkvæmdastjóri fram tillögu til stjórnar að kaupum á bifreið sem uppfyllir þau skilyrði sem þarf.

Stjórn samþykkti tillöguna samhljóða.

2. Félagsheimili Fáks

Uppfæra þarf byggingaruppdrætti og brunahönnun félagsheimilis Fáks. Breytingar hafa verið gerðar á félagsheimilinu sem eru tilkynningaskyldar til byggingarfulltrúa auk Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins. Búið er að hafa samband við verkfræðistofuna sem teiknaði húsið og er hún klár að gera uppfærslur og sama á við Lotu verkfræðistofu sem sér um að uppfæra brunahönnun. Framkvæmdastjóri óskar eftir heimild til að klára þessa vinnu.

Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

3. Erindi frá félagsmanni

Borist hefur erindi frá félagsmanni vegna fyrirhugaðrar ferðar kvennahóps í Fáki á vesturland til að heimsækja ræktunarbú og gera sér glaðan dag. Allar konur væru velkomnar og yrði auglýst skráning á heimasíðu Fáks. Óska þær eftir að félagið styrki ferðina um kostnaðinn við að leigja rútu undir hópinn.

Stjórn hafnar beiðninni á þeirri forsendu að ekki séu til fordæmi fyrir svipuðum styrk til hópa eða félagsmanna í Fáki til skemmtiferða. Slíkir styrkir til æskulýðsstarfs á vegum félagsins eru undanþegnir.

Stjórn hafnar ósk um styrk.

4. Vatnstaka í mótahaldi

Síðastliðið sumar var það síðasta sem félagið fékk að taka vatn úr Elliðaám vegna mótahalds. Ekki er heldur heimilt að taka vatn úr brunahönum á svæðinu. Gerir framkvæmdastjóri þá tillögu að lagt verði rör frá kaldavatsinntaki í reiðhöllinni í Víðidal út fyrir vegg og þar verði hægt að fylla á þann tank sem notaður er til að væta velli félagsins.

Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða.



5. Aðalfundur Fáks

Gerð er tillaga um að halda um að halda aðalfund félagsins þann 29. apríl 2025 klukkan 20:00.

6. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið 18:05

Fundargerð ritaði Einar Gíslason